

miskunnisöm manneskja hjálpi ykkur. Hvað heitir mamma þín?"

"Hún er alment kölluð húsfrú Sterner, því þegar ég fékk þetta nafn, tók hún það upp líka, til að heita eins og ég. Hún elskar mig heitt, hún góða mamma mín".

"En hvað hét hún áður?"

"Það veit ég ekki. Skirnarnafn hennar var Ágústa, en hvort hún hefir nokkru sinni átt annað eftirnafn en hún nú hefir, það veit ég ekki".

"Þetta er einkennileg saga", sagði sá rauðhærði við sjálfan sig. "Hann er hjábarn, það er greinilegt, en hann veit enn ekki, hvað það þýðir, vesalings pilturinn. Ég kenni svo í brjósti um hann".

"Morits", sagði hann hátt, "ef neyðin kreppir mjög mikið að ykkur, findu mig þá næstkomandi föstudag kl. 5 að kveldinu við dysina, sem er til hliðar við veginn, og sem hefir verið mynduð þar til endurminningar um morð, sem þar var framið fyrir fáum árum. Veiztu við hvaða stað ég á?"

"Ójá", svaraði pilturinn og fór um hann hrollur. "Ég kom þangað í kvöld, en varð hræddur og hljóp í burt. Hvað á ég að gera þangað á föstudaginn?"

"Þú finnur mig þar", sagði þessi undarlegi maður, "og ef mér verður mögulegt að bæta úr vandræðum þínum, þá skal ég gera það, — það geturðu reitt þig á".

"Þú", sagði pilturinn undrandi. "Á hvern hátt ættir þú að geta hjálpað mér? Getur þú útvegað okkur fæði?"

"Það gæti skeð, piltur minn. En þurfir þú ekki minnar hjálpar, því betra, en komdu samt, ég hefi margt að segja þér. En láttu engan vita um ráðagerð okkar".

"Ekki einu sinni hana mömmu mína?"